

L Ö G

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 22. ágúst 1974, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 6/1974, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu hinn 21. ágúst 1974, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 7. september 1974.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir október lok 1974.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1974, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, er í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 17% gengismun, er svarar til þeirrar breytingar, sem ákveðin hefur verið á gengi krónunnar. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast skv. ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans, sbr. þó ákvæði 3. málsgr.

Áður en umræddu fé er ráðstafað samkv. 2. málsgr. skal greiða af því sem hér segir:

- Hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 1. september 1974, en fluttar út eftir gengisbreytinguna.
- Gengisbætur vegna innstæðna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. ákvæði laga nr. 18 frá 4. apríl 1972.
- Halla, sem verða kann vegna niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa fram til 1. október 1974.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 30. ágúst 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.